

Guðrún Stefánsdóttir, ritstjóri, f. 24. nóv. 1893 í Fagraskógi, Arnarneshr., Eyjaf., d. 12. okt. 1980.

Börn þeirra: a) **Jón**, f. 3. ágúst 1962 í Reykjavík, læknir í Connecticut í Bandaríkjunum. b) **Freysteinn**, f. 22. júlí 1966 í Reykjavík, jarðeðlisfræðingur við Norrænu eldfjallastöðina. – K. Ástþrúður Sif Sveinsdóttir, bókasafnsfræðingur. c) **Björn**, f. 23. apríl 1971 í Reykjavík, bús. í Reykjavík. d) **Ólafur**, f. 20. nóv. 1972 í Reykjavík, læknanemi í Reykjavík.

Sigmundur Guðbjarnason, f. 29. sept. 1931 á Akranesi, doktor, lífefnafræðingur, prófessor og síðar háskólarektor í Reykjavík.



For.: **Guðbjarni Sigmundsson**, bóndi í Ívarshúsum á Akranesi, f. 2. apríl 1897 í Arnþórsholti, Lundarreykjadalshr., Borg., d. 24. jan. 1990, og k. h. **Guðný Magnúsdóttir**, f. 27. okt. 1902 á Iðunnarstöðum, Lundarreykjadalshr., d. 18. nóv. 1984.

Föðurfor.: **Sigmundur Guðbjarnason**, formaður og útvegsbóndi á Litlu-Grund og í Ívarshúsum á Akranesi, f. 5. des. 1857, d. 1. ágúst 1915, og k. h. **Vigdís Guðríður Jónsdóttir**, f. 4. júní 1855, d. 21. júlí 1921.

Móðurfor.: **Magnús Gunnlaugsson**, bóndi á Iðunnarstöðum, f. 18. apríl 1859 í Krosskoti, Lundarreykjadalshr., d. 23. mars 1932, og k. h. **Elísabet Gísladóttir**, f. 1. sept. 1869 á Norður-Reykjum, Reykholtaldalshr., Borg., d. 24. ágúst 1955.

Námsferill: Stúdent frá MA 1952. Dipl. chem.-próf frá TH München 1957 og dr.rer.nat. frá sama skóla 1959.

Starfsferill: Yfirverkfræðingur og framleiðslustjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi 1959-60. Kennari í lyflæknisfræði og lífefnafræði við Wayne State University, Detroit, Bandaríkjunum, 1961-62 og aðstoðarprófessor í lyflæknis- og lífefnafræði við sama skóla 1962-65 og 1965-70. Prófessor í lyflæknis- og lífefnafræði við Indiana University Medical Center, Indianapolis, Bandaríkjunum, 1970-71. Prófessor í lífrænni efnafræði og lífefnafræði við HÍ frá 1970. Gisti-

prófessor við Eidgenössische Technische Hochschule, Zürich í Sviss, 1979-80, við Universität Heidelberg í Þýskalandi 1980-81, við University of Minnesota, Hormel Institute, Austin, Minnesota, Bandaríkjunum, 1981, hjá Food and Drug Administration (FDA), Washington DC, Bandaríkjunum, sem heiðursvísindamaður, 1983. Rektor HÍ 1985-91.

Félags- og trúnaðarstörf: Forstöðumaður efnifræðistofu Raunvísindastofnunar HÍ 1970-83. Í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins 1971-81, formaður 1973-77. Formaður nefndar er fjallaði um vinnslu lyfja og lífefna úr innlendu hráefni 1973-74. Í Rannsóknaráði ríkisins 1974-82, formaður framkvæmdanefndar 1974-79. Varaforseti verkfræði- og raunvísindadeildar HÍ 1975-77, forseti 1977-79. Formaður starfshópa er gerðu „Langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna“ fyrir árin 1976-81 og árin 1982-87 á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Formaður nefndar sem kannaði hvort hagkvæmt væri að vinna verðmæti úr sláturúrgangi 1978. Formaður matsnefndar Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins fyrir árin 1985-87 og árin 1992-94. Formaður Sammenntar, samstarfsnefndar atvinnulífs og skóla, frá 1993. Formaður Rannsóknaráðs Íslands frá 1994. Í matsnefnd NATO, Collaborative Research Grants Program frá 1995. Hefur starfað í mörgum nefndum og stjórnnum á vegum HÍ eða menntamálaráðuneytisins er fjalla um eflingu rannsókna, Vísindaráð, fjarkennslu, háskóla á Akureyri og m.fl. Hefur flutt fjölda fræðilegra fyrirlestra á vísindaráðstefnum og í boði erlendra háskóla og vísindafélaga.

Viðurkenningar: Heiðurslaun úr Verðlaunaskjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright 1983. RF 1985. Kjörinn meðlimur í Konunglegu sænsku verkfræði- og vísindaakademíunni í Stokkhólmi 1987. Heiðursmerki VFÍ 1987. Stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1991.

– K. 18. apríl 1954, **Margrét Þorvaldsdóttir**, f. 1. febr. 1934 á Akranesi, blaðamaður.

For.: **Þorvaldur Ellert Ásmundsson**, skipstjóri, útgerðarmaður og síðar framkvæmdastjóri á Akranesi, f. 13. júlí 1909 á Jörfa á Akranesi, d. 4. apríl 1965, og k. h. **Aðalbjörg Bjarnadóttir**, f. 27. maí 1910 á Kirkjubóli, Þingeyrarhr., V.-Ís., d. 21. nóv. 1985.

Börn þeirra: a) **Snorri**, f. 24. okt. 1954 í Reykjavík, B.S., matvælafræðingur í Seattle, Bandaríkjunum. – K. I. Una Björg Gunnarsdótt-

ii
E
I
s:
I
R
R
S
í

H
dó
G:

í L
18'
Þo
vík

pré
fræ
náu
urr
sót
aði
frá

for
196
hug
ing
vík
full
ken
Bre
deil
síða

ir. – K. II. Sara Lapham Jewett Sigmundsson, B.A. í ensku og myndlist, teiknihönnuður. b) **Logi**, f. 22. jan. 1962 í Detroit, Bandaríkjunum, safnvörður í Þjóðskjalasafni. c) **Hekla**, f. 9. nóv. 1969 í Detroit, Bandaríkjunum, líffræðingur í Reykjavík. d) **Ægir Guðbjarni**, f. 19. mars 1972 í Reykjavík, háskólanemi í Kópavogi.

Sigríður Ágústa Ásgrímsdóttir, f. 2. júlí 1943 í Reykjavík, rafmagnsverkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Ásgrímur Ágústsson**, bakari í Reykjavík, f. 10. jan. 1907, d. 31. maí 1965, og k. h. **Margrét Ingimundardóttir**, f. 23. sept. 1910 í Reykjavík.



Föðurfor.: **Friðrik Ágúst Pálmason**, bóndi á Skúflæk, Vill-ingaholtshr., Árn., síðar verkamaður í Hafnarfirði, f. 27. des. 1880 í Hvammi í Laxárdal, Bólstaðarhlíðarhr., A.-

Hún., d. 31. jan. 1942, og k. h. **Sigríður Jónsdóttir**, f. 9. apríl 1886 í Rútsstaða-Suðurkoti, Gaulverjabæjarhr., Árn., d. 5. maí 1969.

Móðurfor.: **Ingimundur Hallgrímsson**, bóndi í Litla-Hvammi í Langholti í Reykjavík, f. 6. sept. 1875 í Sauðagerði í Reykjavík, d. 1962, og k. h. **Þorbjörg Bjarnadóttir**, f. 29. nóv. 1879 í Reykjavík, d. 27. júlí 1967.

Námsferill: Stúdent frá MR 1963. Fyrrihlutapróf í verkfræði frá HÍ 1966. Próf í rafmagnsverkfræði frá NTH í Þrándheimi 1968. Framhaldsnám í tölvuverkfræði og hagrænum raforkugreinum við sama skóla 1979-84, með störfum. Hefur sótt ýmis námskeið um tölvuvinnslu og fl. Öðlaðist skipstjórnarréttindi á 30 rúmlesta skipum frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1991.

Starfsferill: Sérfræðingur hjá Sentral Institutt for Industrial Forskning og Rikshospitalet í Ósló 1968-69. Sérfræðingur hjá Orkustofnun við athuganir á húshitunarmálum 1969-70. Verkfræðingur hjá Innlagnadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1970-73. Hlutastarf hjá RARIK 1974 og í fullu starfi við áætlanadeild 1974-75. Stærðfræðikennari og deildarstjóri við Fjölbautaskólann í Breiðholti 1975-80. Stundakennari við verkfræðideild HÍ 1977-80. Deildarstjóri áætlanadeildar og síðar tölvudeildar RARIK 1980-86. Starfaði hjá

Tölvulausn, við eigin rekstur og ráðgjöf og var umboðsaðili Oracle, 1986-90. Sölufulltrúi hugbúnaðarfyriretækisins Oracle Danmark 1990-92. Verkfræðingur hjá Neytendasamtökunum 1992-94. Rekur eigin verkfræðiráðgjöf frá 1995.

Félags- og trúnaðarstörf: Fulltrúi í Staðlaráði Íslands, STRÍ, fagstjórn í raftækni, í tækninefnd STRÍ um öryggi á leikvöllum, í nefnd um stefnumótun stjórnvalda í sorphirðu, í framkvæmdastjórn átaksins „Öryggi barna, okkar ábyrgð“, í norrænni nefnd um öryggi vöru og þjónustu og samráð evrópskra neytendasamtaka í stöðlunarvinnu. Í ritnefnd VFÍ 1971-73, í stjórn 1977-79. Í fulltrúaráði BHM 1975-79. Í stjórn RVFÍ 1971-72 og 1986-88. Þátttakandi í ráðstefnunni Norrænt tækniár „Konur og tækni“ 1988. IEEE: Aðstoðar ritnefnd tímaritsins COMPUTER frá 1990 við mat á greinum sem fjalla um gervigreind, fjölgjörva tölvur, einkaleyfi o.fl.

– M. 19. des. 1970, **Björn Erlendsson**, f. 21. maí 1945 á Seyðisfirði, véltæknifræðingur.

For.: **Erlendur Björnsson**, bæjarfógeti og sýslumaður í Firði á Seyðisfirði, f. 24. sept. 1911 á Orrastöðum, Torfalækjarhr., A.-Hún., d. 26. nóv. 1980, og k. h. **Katrín Jónsdóttir**, f. 20. apríl 1913 á Seyðisfirði.

Börn þeirra: a) **Ásgrímur**, f. 27. nóv. 1971 í Reykjavík. b) **Erlendur**, f. 5. ágúst 1973 í Reykjavík.

Sigríður Einarsdóttir, f. 17. febr. 1958 í Reykjavík, verkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Einar Halldór Gústafsson**, brunavörður í Reykjavík, f. 6. febr. 1938 í Reykjavík, og k. h. **Sólveig María Gunnlaugsdóttir**, f. 29. sept. 1939 í Reykjavík.



Föðurfor.: **Gústav Guðjónsson**, brunavörður í Reykjavík, f. 20. nóv. 1909, d. 5. sept. 1985, og k. h. **Sigurros Lovísa Einarsdóttir**, f. 16. des.

1910, d. 27. des. 1959.

Móðurfor.: **Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson**, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 14. ágúst 1909 á Sauðárkróki, d. 17. febr. 1951, og k. h. **Sesselja Sigríður Þorkeldsdóttir**, f. 2. okt. 1909 í